

# Gjaldskrá

## fyrir akstursþjónustu eldri borgara í Garðabæ

### 1. gr.

#### Upphæð gjalds

Gjald fyrir hverja ferð hjá akstursþjónustu eldri borgara er eins og eitt og hálf almennt strætisvagnafargjald eins og það er hverju sinni. Ferð er skilgreind í gjaldskrá þessari sem akstur á milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

### 2. gr.

#### Fylgdarmaður/Gestur

Sé þörf fyrir fylgdarmann með ferðþjónustu Strætó bs. er ekki innheimt gjald fyrir hann. Sé um að ræða gest sem nýtir þjónustuna innheimtir akstursaðili sama gjald fyrir hann og þann sem þjónustunnar nýtur. Gildir ekki í ferðir ef akstur er með leigubíl.

### 3. gr.

#### Gjaldskylda ónýttrar þjónustu

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt. Afpöntun ferðar skal vera með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður en í undantekningartilvikum þremur klukkustundum fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

### 4. gr.

#### Innheimta gjalds

Gjaldið er innheimt með greiðsluseðli um hver mánaðarmót. Allar ferðir umfram úthlutaðar ferðir eru greiddar að fullu af notanda.

### 5. gr.

#### Gildistaka

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var á fund bæjarstjórnar Garðabæjar 18. janúar 2024 tekur gildi frá og með 1. janúar 2024

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar

18. janúar 2024

Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.